

## 5. fundur íþróttá- og tómstundanevndar haldinn í Þórsveri miðvikudaginn 4. febrúar 2015 og hófst kl. 17.00.

**Mætt eru:** Almar Marinósson, Aneta Potrykus, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Valgerður Sæmundsdóttir og Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerðina.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemdir varðandi fundarboð. Engar athugasemdir gerðar.

### Dagskrá:

#### 1. Erindi frá sveitarstjórn: 28. Landsmót UMFÍ 2017.

Nefndin telur að samfélagið sé ekki nógu stórt til að halda svona stóran viðburð og samkvæmt reglum um val á mótsstað þá stenst íþróttastaðan hérna ekki kröfur.

ÍTN hvetur HSP til að sækja um að halda mótið á Húsavík eða Laugum.

#### 2. Íþróttahúsið Ver

Fjallað um þær hugmyndir sem eru í skoðun, til að bæta húsnæðið.

#### 3. Önnur mál

Íþróttastarf fyrir eldri borgara. Samkvæmt samtali við sveitarstjóra átti að stofna Velferðanevnd, þar sem öll málefni eldri borgara áttu að falla undir, og því átti ÍTN ekki að fjalla um þau mál. Ekki er búið að stofna þá nefnd og því, að beiðni sveitarstjóra fjallar ÍTN um málaflokkinn.

Íþróttahúsið er með tvo tíma tekna frá fyrir eldri borgara, annan í sundlaug og hinn í sal, en það er enginn þjálfari/umsjónarmaður ráðinn. Samkvæmt forstöðumanni íþróttahúss er mæting í þá tíma dræm. Á Nausti er engin skipulögð hreyfing eða leikir samkvæmt forstöðumanni þar. ÍTN telur að bæta þurfi úr þessu sem fyrst.

Við teljum að sveitarstjórn þurfi að ákveða hvort eigi að hafa skipulagt íþróttastarf fyrir eldri borgara, og þá ráða þjálfara/umsjónarmann ef stefna sveitarfélagsins er að veita þessa þjónustu.

Ekkert fleira gert.

Fundi slitið kl. 18.00.